



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Húsavík, 4. janúar 2023
nr. erindis 202301010 KPP

Nafn skíðasvæðisins á Húsavík

Skíðasvæðið í Reyðarárhjúk er í ákveðnum uppbyggingarfasa. Verið er að vinna hönnunarvinnu fyrir svæðið og ekki útilokað að svæðið muni stækka og eflast á komandi árum. Opnunardagar í lyftu eru um 50 +/- árlega sem þykir býsna gott og árlega eru troðin gönguspor hátt í 100 sinnum á ári.

Í dag er vanalega talað um skíðasvæðið í Reyðarárhjúk eða skíðasvæði Norðurþings.

Fyrri nafnið vísar til fjallsins sem skíðað er í og getur verið erfitt fyrir aðkomufólk að átta sig á hvaða skíðasvæði er verið að tala um. Einnig er skíðasvæði Norðurþings ekki mjög lýsandi þar sem Norðurþing er sveitarfélag sem er stórt og víðfermt.

Tillaga mín er að byrjað verið að kalla skíðasvæðið „skíðasvæði við Húsavík“ sem mun einfalda öllum að átta sig á um hvaða skíðasvæði er verið að ræða. Einnig er einfaldara að vinna kynningarvinnu fyrir svæðið með nafni byggðarkjarna sem er þegar kunnugur fólki.

Vissulega þekktist að kenna svæði við örnefni í landslagi en ekki er víst að allir viti þó um hvaða svæði er verið að ræða.

Dæmi:

- Skíðasvæðið í Skarðsdal
- Skíðasvæðið í Böggvisstaðafjalli
- Skíðasvæðið í Tungudal
- Skíðasvæðið í Tindastóli
- Skíðasvæðið í Oddskarði
- Skíðasvæðið í Stafdal

Einnig er fyrirhugað að festa lénið skihusavik.is til að nota fyrir skíðasvæðið í framtíðinni. Allt er þetta gert til að gera gestum og heimafólki einfaldara um vik að leita upplýsinga um svæðið. Einnig geta erlendir gestir auðveldlega lært vefslóðina ef út í það er farið. Einnig er fyrirhugað að útbúa merki fyrir skíðasvæðið til að styrkja ásynd þess og ímynd. Það mun að sjálfsögðu ekki breytast að lyftan og mannvirki standa í/við Reyðarárhjúk þó svo að formlegt nafn svæðisins breytist.

Kjartan Páll Þórarinsson
Íþróttá- og tómstundafulltrúi